

Héraðsdómur Suðurlands

Héraðsdóms Suðurlands mánudaginn 3. júní 2019, í máli nr. Z-83/2019:

Víðibrekka ehf.

(Sverrir Sigurjónsson lögmaður)

gegn

Landsbankanum hf.

(Reynir Þór Garðarsson lögmaður)

Þann 26. mars 2019 barst dóminum krafa sóknaraðila um að ákvörðun Sýslumannsins á Suðurlandi um að láta fara fram nauðungarsölu á fasteign félagsins að [...], fastanúmer [...], þann 12. febrúar 2019 vegna beiðni Landsbankans, verði felld úr gildi. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Varnaraðili er Landsbankinn hf.

Málið var þingfest 7. maí 2019 og gerir varnaraðili kröfur um að málinu verði vísað frá dómi og sóknaraðila gert að greiða málskostnað auk virðisaukaskatts.

Samkvæmt gögnum málsins fór téð nauðungarsala fram þann 12. febrúar 2019 og var þar mættur fyrirsvarsmáður sóknaraðila, ásamt lögmanni félagsins. Mótmælti sóknaraðili því að gerðin færi fram, en af hálfu sýslumanns var ákveðið að mótmælin leiddu ekki til stöðvunar gerðarinnar. Lýsti lögmaður sóknaraðila því að hann hygðist bera gildi nauðungarsölnunnar undir héraðsdómara á grundvelli 14. kafla laga nr. 90/1991.

Í 14. kafla laga nr. 90/1991 segir í 80 gr. laganna að „Þegar uppboði hefur verið lokið skv. V. eða XI. kafla, tilboði hefur verið tekið í eign skv. VI. kafla eða andvirði réttinda hefur verið greitt sýslumanni eftir ráðstöfun skv. 2. eða 3. mgr. 71. gr., getur hver sá sem hefur lögvarinna hagsmuna að gæta leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölnunnar, en krafa þess efnis skal þá berast héraðsdómara innan fjögurra vikna frá því fyrrgreinda tímamarki sem á við hverju sinni.

Þegar frestur skv. 1. mgr. er liðinn verður því aðeins leitað úrlausnar héraðsdómara um gildi nauðungarsölu að það sé samþykkt af hendi allra aðila að henni, sem hafa haft uppi kröfur fyrir sýslumanni og úrlausnin gæti varðað, svo og kaupanda að eigninni ef um hann er að ræða.“

Þannig liggur fyrir að uppboði lauk 12. febrúar 2019, en krafa sóknaraðila barst dóminum 26. mars 2019, en þá var liðinn sá 4 vikna frestur sem áskilinn er í 1. mgr. 80. gr. nefndra laga. Liggur fyrir að varnaraðili hefur ekki veitt samþykki sitt fyrir því að gildi nauðungarsölunnar verði borið undir dóminn. Ekki kemur til álita að miða við annað tímamark í málinu, enda beinist krafa sóknaraðila að ákvörðun um að láta nauðungarsöluna fara fram, en ekki annað.

Ber þegar af þessum ástæðum að vísa málinu frá dómi.

Þrátt fyrir þetta þykir rétt að málskostnaður falli niður eins og málið er vaxið.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Sigurður G. Gíslason.